

Rétt eða rangt mál?

Íslenskan er skemmtilegt tungumál, sagt hefur verið að hún eigi orð yfir allt sem hugsað er á jörðu. Íslenskan lýtur ákveðnum reglum en það verða eimitt komandi kynslóðir sem fá það mikla verkefni að varðveita og þróa þetta forna tungumál. Því er ekki sama hvernig farið er með íslenskuna. Hægt er að lenda í vanda yfir hversdagslegum orðum. Hvernig beygist orð, hvernig er íslenska orðið fyrir ...? Hvort er réttara að segja þetta eða hitt? Flest okkar lenda í slíkum vanda því öll viljum við tala og rita eins rétt mál og hægt er.

Ef þig rekur í vörðurnar með íslenskuna má alltaf leita til sérfræðinga. Á Íslenskri málstöð starfa íslenskufræðingar sem veita almenningi ráð. Hér fyrir neðan eru einmitt nokkrar algengar spurningar sem stöðinni berast. Veltið þessum spurningum fyrir ykkur og svörin eru svo neðst á blaðinu.

1. Hvernig er *fruma* í eignarfalli fleirtölu?
2. Hvernig beygist nafnið *Björk*?
3. Hvernig er *markaðurinn* í þágufalli?
4. Hvort er réttara að segja leggja e-ð *af* eða *að* mörkum?
5. Hvort á að segja *mig* eða *mér* klígjar?
6. Hvernig er íslenska orðið fyrir enska orðið *scan*?
7. Hvort á að skrifa fjöldann *allann* eða fjöldann *allan*?
8. Hvernig skiptist *einstaklingur* milli lína?
9. Hvort á að rita *Skattstjórinn í Reykjavík* eða *skattstjórinn í Reykjavík*?
10. Hvort á að skrifa *mint* eða *mynt*?
11. Hvort er betra mál að segja *til minningar um e-n* eða *í minningu e-s*?
12. Á að segja *1,6 milljón* eða *1,6 milljónir*?
13. Er gott mál að segja *húsið opnar kl. 12*?
14. Er hægt að segja að e-r sé *grátmildur*, sbr. *hláturmildur*?



15. Er til íslenskt orð fyrir *e-mail*?
16. Hvernig beygist kvenmannsnafnið *Sif*?
17. Hvort á að segja *öðru hvoru* eða *öðru hverju* í merkingunni *annað veifið*?
18. Hvernig beygist kvenmannsnafnið *Ýr*?

Svör:

1. frumna
2. Björk, Björk, Björk, Bjarkar
3. markaðnum og markaðinum
4. leggja af mörkum
5. mig klíggjar
6. sögnin skanna, tækið skanni, athöfnin skönnun
7. fjöldann allan
8. ein-stak-ling-ur
9. embættið er Skattstjórinn í Reykjavík,
embættismaðurinn er skattstjórinn í Reykjavík
10. valfrjálst
11. hvort tveggja er gott mál
12. 1,6 milljónir. Sú tala sem næst er milljóninni
ræður ferðinni t.d. 2,1 milljón
13. betra er að segja húsið verður opnað kl. 12
14. mæli fremur með orðinu grátgjarn
15. já, tölvupóstur
16. Sif, Sif, Sif, Sifjar
17. öðru hverju
18. Ýr, Ýri, Ýri, Ýrar